

Fundargerð skólaráðs Hraunvallaskóla

Dags: 03.05. 2024. Fundur skólaráðs haldinn á fundarherbergi skólans frá kl. 8:10-9:45.

Mættir: Lars Jóhann Imsland, Guðbjörg Norðfjörð (fjarverandi), Þórunn Jónsdóttir, Una Björk Unnarsdóttir, Sara Pálmadóttir (fjarverandi), Dagbjörg Helga Danielsdóttir, Magnús Róbertsson, Svanhildur Ýr Sigþórsdóttir, Ragnheiður Sunna Gunnarsdóttir og Agnes Fjeldsted.

Dagskrá:

1. Breyting á skólahverfi Hraunvallaskóla

Skólastjóri kynnti breytingu á skólahverfi Hraunvallaskóla. Búið er að stækka það og nær það núna út fyrir Hvannavelli og börn með lögheimili á Völlum B (Eskivellir 17-21a, Hafravellir, Hnoðravellir, Klukkuvellir og Kvistavellir) eiga núna skólavist í Hraunvallaskóla.

2. Samstarf heimilis og skóla

Skólastjóri kynnti skipulag og áherslur í foreldrastarfi Hraunvallaskóla. Búið er að gera skýran ramma um starfið sem góð reynsla er komin á. Skólaráð hrósaði fyrir gott starf og skipulag. Aðalfundur foreldrafélagsins verður haldinn 15. maí kl. 20:00 Ljóst er að breyting verður á stjórn félagsins þar sem Stefán Már Gunnlaugsson formaður kveður Hraunvallaskóla sem foreldri í vor. Skólaráð þakkar Stefáni fyrir öfluga forystu og samstarfið í gegnum árin.

3. Skólapúlsinn

Skólastjóri fór yfir nýjustu niðurstöður skólapúlsins (6.-10. bekkur) en ein mæling er eftir á skólaárinu. Skólinn siglir nokkuð lygnan sjó hvað niðurstöður varðar.

4. Nýtt skipurit fyrir Hraunvallaskóla

Skólastjóri kynnti nýtt skipurit fyrir Hraunvallaskóla. Helsta breyting er að einn aðstoðarskólastjóri verður við skólann þar sem búið er að draga úr stjórnun til skólans.

5. Ný heimasíða

Skólastjóri sýndi nýja heimasíðu sem er núna í yfirlestri. Gert er ráð fyrir að ný síða fari í loftið í maí. Síðan er útfærð eftir hönnunarkerfi bæjarins (Vitinn).

6. Nám og kennsla

Fulltrúar nemenda voru með spurningar út í skipulag náms og kennslu á unglíngastigi. Sérstakalega hvað varðar samtal og samráð kennara þegar kemur að námsmati og verkefnaskilum. Skólastjóri stakk upp á rýna málið með nemendum og koma ábendingum þannig formlega til skila til að styrkja og skýra starfið í deildinni.

7. Mat á störfum skólaráðs í vetur

Almenn ánægja var með störf skólaráðs í vetur.

8. Viðmiðunarstundaskrá

Skólaráð staðfesti umfjöllum um viðmiðunarstundaskrá með undirskrift sinni eftir fundinn (skólastjóri hitti fulltrúa einstaklingslega og fékk undirskrift allra) en ekki hefur verið gerð breyting á henni síðan skólaárið 2022-2023. Staðfestingin verður lögð fram í fræðsluráði í júní til samþykktar (sem hluti af skólanámskrársamþykki skv. grunnskólalögum).

Fundargerð ritaði Lars Jóhann Imsland